

Tilm. 5/2021/Kundskab og kultur D 2021

Fyrri skjalsnr. A 1814/kultur
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Norræna þekkingar- og menningarnefndin um
að auka færni norrænna fjölmiðla í rannsóknarblaðamennsku - Tilm. 5/2021

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái hjá sér svarið um tilmæli nr. 5/2021 að því er varðar *aukna færni norrænna fjölmiðla í rannsóknarblaðamennsku* og álitni afgreiðslu þeirra lokið af hálfu ráðsins.

Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér fyrir því að rannsóknarblaðamenskumiðstöðin Senter for Undersøkende journalistikk við Björgvinjarháskóla verði gerð að Norrænni rannsóknarblaðamenskumiðstöð sem getur, í félagi við stofnanir í öðrum norrænum ríkjum, svo sem Norrænu blaðamannamiðstöðina í Árósum (NJC) og blaðamenskudeildina við Gautaborgarháskóla, efnt til svæðisbundinna vinnustofa um ritstjórn verkefna á grunni rannsóknarblaðamennsku, skiptináms og meistaranáms í rannsóknarblaðamennsku.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin vinnur einlægt að því að efla gæðafjölmiðlun á Norðurlöndum. Undanfarin ár hefur framtakið meðal annars birst í sérstökum aðgerðum og verkefnum og í árlegum fjárveitingum til Norrænu gagnamiðstöðvarinnar um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM) og Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar (NJC).

Fjölmiðlafrelsi og öflugir, óháðir fjölmiðlar eru mikilvægar grunnstoðir okkar lýðræðislega samfélags og stuðlar frekari stuðningur við gæðafjölmiðlun á Norðurlöndum ótvírætt að árangri markmiða í Framtíðarsýn okkar til 2030 um sjálfbær og samþætt Norðurlönd. Enn fremur kveða norrænu



menningarmálaráðherrarnir (MR-K) skýrt á um það í samstarfsáætlun sinni fyrir árin 2021–2024 að óháðir fjölmiðlar, sem stunda bæði gagnrýna og lausnamiðaða blaðamennsku á háu stigi, séu mikilvægir félagslegri sjálfbærni á Norðurlöndum.

Eins og áður mun því Norræna ráðherranefndin hrinda af stað verkefnum á næstu árum sem geta á mismunandi vegu stuðlað að gæðablaðamennsku á Norðurlöndum og eru til þess fallin að sameina viðeigandi haghafa á Norðurlöndum um frekari þróun á þessu sviði.

Norræna ráðherranefndin telur á hinn bóginn ekki rétt að setja á fót nýja stofnun í þessum tilgangi (Norrænu rannsóknarblaðamenskumiðstöðina) eins og tillagan í Tilmælum 5/2021 gerir beinlínis ráð fyrir. Efnahagsleg sjónarmið mæli gegn því en einnig að ýmsir aðilar starfa þegar á þessum vettvangi á Norðurlöndum sem geta hvenær sem er tekið upp samstarf um afmarkaðar og markvissar aðgerðir.

Ráðherranefndin er þar af leiðandi þeirrar skoðunar að ekki sé unnt að koma til móts við tilmælin eins og þau eru sett fram um að stofna Norræna rannsóknarblaðamenskumiðstöð.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin samþykkti samhljóða að leggja til að Norðurlandaráð skrái hjá sér svarið um tilmæli nr. 5/2021 að því er varðar *aukna færni norrænna fjölmiðla í rannsóknarblaðamennsku* og áliti afgreiðslu þeirra lokið af hálfu ráðsins.

Nefndin var einhuga um að óska eftir upplýsingum hjá Norrænu ráðherranefndinni fyrir janúarfundinn árið 2023 um hvernig norrænu menningarmálaráðherrarnir beita sér fyrir öflugri gæðablaðamennsku á Norðurlöndum.

Norðurlöndum, 25. janúar 2022

Camilla Gunell (ÅSD)

Aron Emilsson (SD)

Even Eriksen

Henrik Møller (S)

Lars Mejern Larsson (S)

May Britt Lagesen (A)

Kathrine Kleveland (Sp)

Mikko Kinnunen (cent)

Brigitte Klitskov Jerkel (KF)

Helge Orten (H)

Ville Kaunisto (K)

Daniel Riazat (V)

Veronika Honkasalo (vänst)

Sebastian Tynkkynen (saf)

Silje Hjemdal (FrP)

Helge André Njåstad (FrP)